

## Staða umbótaverkefna

Haldnir voru nokkrir notendafundir á Hagstofu Íslands haustið 2017. Notendur voru beðnir um að segja hvað Hagstofan geti gert betur til að bæta gæði og síðan beðnir um að forgangsraða umbótahugmyndum. Þær hugmyndir sem flest atkvæði fengu hjá öllum notendahópunum eru listuð hér að neðan auk upplýsinga um stöðu þessara verkefna í maí 2018.

Verkefni	Staða
<p><b>Styðja stjórnáætlunina við mælingu markmiða</b> (Hagstofan verði með miðlægt hlutverk í gagnasöfnun í tengslum við fjármálaáætlun – Stuðningur við eða umsjón með miðlægu gagnatorgi stjórnáætlunnar – Tækifæri fyrir Hagstofuna að safna og halda utanum KPI sem ríkisvaldið ætti að setja)</p>	<p>Að líkindum mun forsætisráðuneytið taka frumkvæðið í þessu verkefni og vera eigandi þess.</p>
<p><b>Meiri kyntengd tölfræði</b> (Aukin kyngreind tölfræði, t.d. í hagtölum um opinber útgjöld og ferðapjónustu)</p>	<p>Hagstofan kyngreindir hagtölur sé þess kostur í samræmi við 16. grein laga nr. 10/2008 þar sem segir: <i>Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.</i></p> <p>Nýjar kyngreindar hagtölur sem komið hafa út á þessu ári eru starfandi úr skrá eftir lýðfræðiupplýsingum og nýnemar í framhaldsskólum. Einnig má nefna útgáfu á niðurstöðum úr rannsókn á launamun kynjanna sem var unnið í samstarfi við aðgerðarhóp stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.</p> <p>Þá hefur hópur um birtingu kyngreindrar tölfræði tekið til starfa innan Hagstofunnar sem vinnur að sérstakri birtingu kyngreindra tölfræðigagna á vef Hagstofunnar.</p> <p>Almenn efnahagstölfræði er ekki kyngreind og ekki alveg augljóst hvernig kyngreiningu hennar ætti að vera háttað. Grunnöggnin sem notuð eru í þjóðhagsreikninga og opinber fjármál eru ekki einstaklingsgögn og því ekki</p>

	kyngreinanleg. Opinber útgjöld eru flokkuð eftir alþjóðlegum stöðlum, m.a. eftir hagrænu eðli og málaflokkum.
<b>Landshlutaskipt tölfræði</b> (Heilbrigðisútgjöld eftir heilbrigðisumdæmum)	Þetta hefur ekki verið skoðað sérstaklega og ekki alveg augljóst hvernig ætti að framleiða slíka tölfræði m.t.t. til þeirra gagna sem við höfum í dag. Vegna smæðar landsins og fámennis er Ísland skilgreint sem eitt svæði því ekki skylt að útbúa svokallaða svæðisbundna þjóðhagsreikninga (regional accounts) eins og á við í tilfelli stærri ríkja. Þessi áhersla hefur heldur ekki komið fram með formlegum hætti frá heilbrigðisyfirvöldum og því ekki líklegt að ráðist verði í þetta verkefni nema að undangenginni slíkri beiðni og samtali um fýsileika slíks verkefnis.
<b>Aukinn tímanleiki ferðapjónustureikninga</b> (Hluti í GDP – Útgjöld ferðamanna sundurliðuð á ferðahópa, t.d. erlendir og innlendir ferðamenn – Heildarumsvif ferðapjónustunnar)	Tímanleiki ferðapjónustureikninga hefur áður komið til tals á fundum með notendum og höfum við brugðist við þeim óskum nú þegar með birtingu bráðabirgðaniðurstaðna fyrir næstliðið ár að hausti (t+9 mánuðir) í stað þess sem áður var þegar heildarniðurstöður ferðapjónustureikninga voru fyrst birtar á grunninum t+21 mánuður. Við erum enn að þróa aðferðir við gerð slíks bráðabirgðamats og er það ætlun okkar að birta slíkar tölur eins snemma og hægt er. T.d. er gert ráð fyrir að heildarútgáfa vegna 2016 verði núna fyrir lok maí, í stað september sem hefur hingað til verið viðmiðunartími fyrri birtinga. Það er ekki útilokað að við verðum líka með bráðabirgðatölur fyrir 2017 samhliða þessari útgáfu en það yrði enn frekara skref í þá átt að vera með tímanlegri bráðabirgðatölur um næstliðið ár.
<b>Hluttur í fjárfestingu</b> (Gistirými í pípunum, áætlun sbr. skýrslur bankanna)	Varðandi fjárfestinguna almennt þá erum við að skoða leiðir til að birta fjárfestingu í ferðapjónustu sem hluta af gerð ferðapjónustureikninga. Á þessari stundu er ekki ljóst hvenær við verðum komin á leiðarenda en það verður vonandi sem fyrst og við höfum metnað fyrir því að bæta þessari tölfræði við hjá okkur.
<b>Upplýsingar um félagsþjónustu</b> (Möguleg sískráning – Verkefni fyrir Hagstofuna, Velferðarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga)	Samstarfsverkefni Velferðarráðuneytisins, Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Hagstofunnar um umbætur á gagnasöfnun frá sveitarfélögum um félagsþjónustu og fjárhagsaðstoð er í gangi og er fundur í því fyrirhugaður um miðjan maí. Verkefnið er semsagt í vinnslu þó engin sérstök verklok séu fyrirhuguð á þessum tímapunkti.
<b>Skila upplýsingum um fræðslumál fyrir</b>	Umbætur síðustu missera við endurskipulagningu vinnslukerfa hefur aukið tímaleika hagtalna um menntamál og eru þær því mun tímanlegri en áður. Einnig hafði mikla þýðingu fyrir Hagstofuna og notendur menntatölfræði að aukinn mannaflí var fjármagnaður í ár með samstarfssamningi milli Hagstofunnar og Mennta- og menningarmálaráðuneytis í júlí 2017.
<b>Birta wealth gini</b>	Ekki er unnið að birtingu á gini-stuðli fyrir auð eins og sakir standa þar sem forgangsverkefni er að endurskoða alla gagnavinnslu lífskjararannsóknar Hagstofunnar, sem er ákveðin forsenda fyrir því að hægt verði að birta gini-stuðul

	fyrir auð. Áætlað er að hefja vinnu við birtingu á gini-stuðli fyrir auð á árinu 2019.
<b>Auka niðurbrot í launatölfræði</b> (störf fyrir launþegahópa)	Þegar eru birtar upplýsingar um launþegahópa eftir starfsstéttum. Á næsta ári verður skoðað aukið niðurbrot eftir launþegahópum og störfum.
<b>Birta launakostnaðartölur</b>	Launakostnaðartölur (level tölur) fyrir árin 2008-2017 eru þegar aðgengilegar á vef Hagstofu Evrópusambandsins. Sjá til dæmis hér: <a href="http://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Wages_and_labour_costs">http://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Wages_and_labour_costs</a> og hér: <a href="http://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Hourly_labour_costs">http://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Hourly_labour_costs</a> . Vakin var athygli á þessum tölum á facebook-síðu Hagstofunnar í apríl sl. en formleg útgáfa innanlands verður seinna á þessu ári.  Launakostnaðarvísitalan (Labour Cost Index) frá árinu 2008 er þegar orðin hluti af evrópskum hagtölum en stefnt er á innanlandsútgáfu fljótlega.
<b>Meira niðurbrot í tekjutölfræði</b> (t.d. brjóta atvinnutekjur niður í laun, reiknað endurgjald, tekjur erlendis o.s.frv.)	Á þessu ári er stefnt að auknu niðurbroti í tekjutölfræði á sviði lýðfræðiupplýsinga. Frekara niðurbrot á tekjuliðum verður tekið til skoðunar á næsta ári.
<b>Sjónrænni birting gagna</b> (Gera notendum auðveldara að bera saman tölur, t.d. að gera samanburð milli atvinnugreina í fyrir-tækjatölfræði)	Verkefni sem snýr að bættri samhæfingu í gagnatöflum er komið í gang en það er forsemda fyrir betri myndrænni framsetningu á efni. Þar að auki ætlum við að prófa okkur áfram á þessu ári með myndir gerðar með tölfræðiforritinu R sem býður upp á aukna möguleika í myndrænni framsetningu. Hér er dæmi um framsetningu á okkar mannfjöldatöflum með R svona til fróðleiks: <a href="http://www.byggdabrunnur.is/mannfjoldathroun/mannfjoldathroun.html">http://www.byggdabrunnur.is/mannfjoldathroun/mannfjoldathroun.html</a> - prófið að smella á súlurnar til að sjá nánari upplýsingar.
<b>Hagtölur um kolefnisspor atvinnuvega</b>	Vinna við þetta hófst af fullum krafti núna í janúar, stefnum á að birta fyrstu gögn á árinu.
<b>Niðurbrot á ferðaþjónustuvörur</b> (Fjöldi þjónustuaðila annarra en gisting, t.d. afþreying og söfn – Skipta upplýsingum um hótél og veitingastaði upp)	Gögnum um hótél og veitingastaði er skipt upp í gögnum sem við birtum um Rekstrar- og efnahagsreikninga, VSK veltu og upplýsingum um fjölda launagreiðenda og launþega. Sjá: <a href="http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_fyrirtaeki_veltutolur_velta/FYR04111.px/">http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_fyrirtaeki_veltutolur_velta/FYR04111.px/</a> <a href="http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_fyrirtaeki_fjoldi_launagreidendur/FYR01201.px/">http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_fyrirtaeki_fjoldi_launagreidendur/FYR01201.px/</a> <a href="http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_fyrirtaeki_afkoma_2_rekstrarogefnahags/FYR08010.px/">http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_fyrirtaeki_afkoma_2_rekstrarogefnahags/FYR08010.px/</a>



<b>Birta kortaveltu niður á ISAT-númer</b>	Við munum ekki birta kortaveltu niður á ÍSAT vegna þessa að þau gögn eru ekki áreiðanleg. Eiga það til að breytast með litlum fyrirvara, t.d. þegar fyrirtæki fara að skipta við erlenda færsluhirða í stað íslenskra. Kotagögn sem birt hafa verið til að varpa mynd á útgjöld erlendra ferðamanna gefa ekki rétta mynd af þróuninni og hafa stundum verið rangtúlkuð.
<b>Birta smásöluvísitölu</b> (eins og Bifröst var með en hætti þegar Hagar drógu sig út úr samstarfinu)	Unnið er að því að birta smásöluvísitölu í samræmi við kröfur Eurostat. Sú vísitala verður ekki jafn sundurliðuð og sú sem var framkvæmd hjá Bifröst.
<b>Aukið niðurbrot á svæði</b> (Gistinætur niður á póstnúmer – Starfatölfræði – Skattur – Airbnb)	Gistinætur hafa verið birtar niður á sveitarfélög, auk þess sem Reykjavík er brotin niður á nokkur svæði. Áætlaðar gistinætur seldar í gegnum Airbnb og sambærilega staði eru nú birtar mánaðarlega. Jafnframt eru birtar gistinætur þar sem ekki er sérstaklega greitt fyrir gistingu, s.s. í húsaskiptum og í bílum. Unnið er að því að brjóta tölur yfir gistingu á Airbnb niður á landssvæði.
<b>Öflun upplýsinga um farþega og áhafnir skemmtiferðaskipa</b> (umfram fjöldatölur)	Ekki í vinnslu sem stendur.
<b>Birta ferðapjónustugögn fyrir</b>	<p>Frá og með tölum fyrir mars 2017 eru birtar tölur yfir heildarfjölda gistinátta fyrir lok næsta mánaðar á eftir. Með heildarfjölda gistinátta erum við að ganga mun lengra en hefðbundin gistináttatalning segir til um. Auk þess að birta tölur fyrir gistinætur á hótelum, gistiheimilum og tjaldsvæðum þá birtum við tölur fyrir gistingu á airbnb og sambærilegum stöðum auk þess að áætla gistingu á stöðum þar sem ekki er sérstaklega greitt fyrir gistingu, s.s. í gegnum húsaskipti eða í bílum. Birtingar eru í dag: VSK velta(t+3), launagreiðendur og launþegar (t+1-2), og rekstrar- og efnahagsyfirlit (t+10). Eins og staðan er í dag er ekki hægt að birta þessi gögn fyrir.</p> <p>Því má bæta við að Hagstofan vinnur nú að útgáfu á mánaðarlegum þjónustuviðskiptum við útlönd. Í byrjun verður aðeins heildarþjónusta fyrir innflutning og útflutning birt en við vonumst til að með tímanum verði hægt að þrískipta mánaðarlegri þjónustu niður í samgöngur, ferðapjónustu og annað.</p>